

**RÓ - hönnunarlína teymisins RoShamBo hefur verið valin til þátttöku í FORMEX young designers vörusýningunni sem fer fram í Stokkhólmi dagana 18. - 21. janúar. Sýningin á FORMEX markar fyrstu skrefin í útrás RÓ en hún var frumsýnd á Hönnunarmars fyrir tæpu ári síðan. RÓ vörulínan samanstendur af dýnum og púðum fylltum með íslenski ull þar sem einfaldleiki og umhyggja fyrir líkama og sál er í fyrirrúmi. Mikil áhersla er lögð á gæði, formfegurð, sanngjarna framleiðsluhætti og virðingu fyrir umhverfinu. Vörurnar eru handgerðar á verkstæði RoShamBo á Seyðisfirði.**

RoShamBo er samstarfsvettvangur þriggja listamanna og hönnuða. Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, Litten Nystrøm og Þórunn Eymundardóttir hafa allar búið á Seyðisfirði um árabíl. Þær sækja sér innblástur í nærumhverfið og þar má finna grunninn að mörgum verkefnum hópsins sem mótast af fagurfræði, handverkskunnáttu og auga fyrir fegurð hins smáa.

RÓ á uppruna sinn í áhuga hópsins á því að vinna með íslenska ull á annan máta en gert er í dag. Jafnframt liggur þar að baki löngun til að bjóða upp á einfaldaða, heilnæma og umhverfisvæna lausn fyrir svefnherbergið og stofuna. Það er ekki svo ýkja langt síðan Íslendingar sváfu á ullardýnum og nýttu ullina í mun meira mæli en nú er gert. Sú þróunarvinna sem liggur að baki RÓ heiðrar þann arf. RÓ dýnan og púðarnir eru tímalaus og klassísk hönnun. Fyllingin er 100% íslensk ull klædd í hágæða áklæði frá danska fyrirtækinu Kvadrat.

RÓ dýnan er hönnuð sem fjölnota hlutur fyrir fagurkera. Í svefnherberginu má nota hana sem yfirdýnu á box-, gorma- eða svampdýnu, eina sér á japanska tatami mottu eða fíngerðan rimlabotn. Í stofunni má nota hana sem sambrotið lágt hægindi eða á legubekk. Dýnan umvefur og upplyftir, veitir djúpa hvíld og gleður augað.

Við hönnun dýnunnar var áhersla lögð á að nýta alla eiginleika ullarinnar til fullnustu. Hún er náttúrulegt efni sem hefur marga kosti umfram þau efni sem mest eru notuð í dýnugerð í dag. Rannsóknir sýna fram á að svefn á ullardýnu hægir á hjartslætti sem leiðir til dýpri og betri svefns, auk fjölmargra annarra heilsufarslegra kosta. Þá er ullardýnan að fullu endurvinnanleg, eftir að hafa þjónað hlutverki sínu um árabíl.

Íslenska sauðkindin, með sitt einstaka tog og þel bíður upp á úrvals hráefni til dýnugerðar. Inni í RÓ dýnunni eru mörg lög af ull, raðað saman eftir kúnstarinnar reglum. Ullin er ákaflega loftmikil og hrokkin og teygjanleg hárin skapa mjúka og eftirgefanlega dýnu. Þéttofið ullaráklæði myndar himnu utan um ullina og nýtir þannig til fulls þá góðu eiginleika sem ullin býr yfir.

Áklæðið fæst í tveimur litum, ljósum drapplit og blágrænum og boðið er upp á einlitar eða tvílitlar samsetningar á dýnum og púðum. RÓ vörulínuna er auðvelt að sérhanna fyrir ólík rými. RoShamBo er með vinnustofu á Seyðisfirði og þar er vörulínan framleidd eftir pöntunum af vel þjálfuðu handverksfólki.

RÓ fæst í vefverslun [ro-selection.com](http://ro-selection.com)

[ro-selection.com](http://ro-selection.com)

[instagram.com/robyroshambo](https://www.instagram.com/robyroshambo)

[facebook.com/roselection](https://www.facebook.com/roselection)